R15010217
100

Betri Reykjavík
Hugmynd frá samráðsvef
15. janúar 2015

Heiti erindis: Leyfa skoðanir á Betri Reykjavík sem rúmast ekki í Haiku

Málaflokkur: Stjórnsýsla
Viðtakandi erindis: Stjórnkerfis- og lýðræðisráð
Efst í málaflokknum: Já
Meðal fimm efstu : Nei

| Fjöldi með hugmynd: 2 | Fjöldi á móti hugmynd: 0 |
|---|---|

**Lýsing:** ...

| Rök með hugmynd: | Rök gegn hugmynd: |
|---|---|
| **500 orða kvóti er kannski nett feudal lýðræði**<br><br>Ég er ekki vissum að hægt sé að orða allar góðar hugmyndir, svo vel komist til skila, í þessum Haiku 500 orða kvóta systemi hér. Sumir myndu kannski fá það á tilfinninguna að þetta sé sýndar-beint-lýðræði... því auðvitað skipta 500 orð engu í samanburði við allan þann tíma sem borgarfulltrúar hafa til að skjóta niður hugmyndir , ef þeim sýnist svo. Stækka orða-kvótann og lýðræðiskvótann í leiðinni... vinsamlegast. | **Stutt og laggott**<br><br>Knappt orðalag er skilvirkt og kemur í veg fyrir málalengingar. 500 stafa hámarkið er fyrir hver rök og ætti að duga vel fyrir einstök rök. Ef fólk hefur mörg rök sem það vill koma á framfæri má einfaldlega setja fleiri rök inn.<br><br>**Less is more**<br><br>Það nenna kannski einhverjir að skrifa löng rök, en varla nokkur að lesa þau. |

**Umræður notenda:**

1. Mér finnst 500 stafa hámarkið fínt fyrir rök, en ég velti því fyrir mér hvort ekki væri betra að hafa annan reit sem útskýrir hugmyndina. Eins og þetta er í dag, er hugmyndin sett inn sem stök setning. Notendur kjósa svo oft að útskýra hugmyndina frekar í rökdálkunum. Ef þessi "útlistundardálkur" væri til ættu allir notendur að geta breytt innihaldi hans. Raunar finnst mér að allir notendur ættu að geta breytt upphaflegu hugmyndinni líka, sem er ekki hægt í dag.

   Ef við tökum þessa hugmynd sem dæmi, þá kemur þú henni reyndar vel skiljanlega frá þér í stuttri setningu "Leyfa skoðanir á Betri Reykjavík sem rúmast ekki í Haiku".

   Hvernig haldið þið að best væri að hafa þetta?